

Sóknaráætlun Vestfjarða - 2016

Árleg greinargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga um
framkvæmd samnings um sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Mat á árangri sóknaráætlunar	2
2. Fjárframlög til sammingsins	3
3. Samráðsvettvangur	4
4. Áhersluverkefni	6
5. Uppbyggingasjóður	11
Styrkt verkefni	13
Kyn umsækjenda	15
Fyrirmyndarverkefni	17
6. Hagtölur landshlutans	17
7. Lokaorð	18
8. Undirritun og staðfesting	18
9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum	19

Inngangur

Árið 2016 var fyrsta samfellda starfsár Sóknaráætlun Vestfjarða og unnið var að því að festa starfshætti í sessi. Greinargerð sóknaráætlunar 2015-2019 var tekin til endurskoðunar og hún samþykkt í endanlegri mynd. Áhersluverkefni fyrir árið 2016 og úthlutanir Uppbyggingarsjóðs voru afgreidd á fyrri hluta ársins og auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2017 undir lok ársins. Nefnd á vegum forsætisráðherra vann á árinu sértækt verkefni *Aðgerðaáætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði*, ætlun er að tengja verkefni skýrslunnar við Sóknaráætlun Vestfjarða.

1. Mat á árangri sóknaráætlunar

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Vestfjarða (SV) vann að endurskoðun greinargerðar SV en upphafleg greinargerð var sett fram til bráðabrigða á árinu 2015. Var áætlunin samþykkt á fundi samráðsvettvangs í október.

Framkvæmdaráð sem skipað á árinu 2015 fjallaði um og afgreiddi tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2016. Flest verkefnanna verða einnig unnin á árinu 2017 og hluti árið 2018 og því er búið að ráðstafa meginhluti fjármagns til áhersluverkefna fyrir þau ár.

Vel hefur gengið að framfylgja helstu áherslum og markmiðum sóknaráætlunar og markmiðum samningsins, að því marki sem fjárhagsrammi áætlunarinnar gefur tilefni til. Unnið verður stöðugt að því að stækka fjárhagsramma áætlunarinnar þannig að ramminn festist ekki til langframa við þær forsendum sem lagðar voru til grundvallar í lok árs 2014. Í raun voru framlög til sóknaráætlana 2015 samantekt á því fjármagni sem lagt var til menningarsamninga, vaxtarsamninga og sóknaráætlunar á árinu áður.

Fjármagn var aukið að hluta á árinu 2016 en er ekki í takti við þær væntingar sem bundnar voru við áætlunina. Umtalsvert meira fjármagn þarf til svo að hægt sé að kalla sóknaráætlunirnar vel heppnaða aðferð til að nálgast þau markmið sem að er stefnt í hverjum landshluta. Greiningar á stöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum sem komu fram undir lok árs 2015, gáfu tilefni til að hafa áhyggjur af framþróun landshlutans. Af þessum sökum leitaði Fjórðungssamband Vestfirðinga til forsætisráðuneytis um skipan nefndar sem færi yfir stöðu mála og gerði tillögu að verkefnum sem væru viðtækari en rammi Sóknaráætlunar geti skapað. Fjórðungssambandið lagði áherslu að geta samtvinnað nýjar aðgerðir með Sóknaráætlun Vestfjarða. Nefndin benti á að veruleg vaxtartækifæri væru fyrir hendi en til að geta nýtt þau yrði að ráðast í verulegar framkvæmdir til að tryggja og jafna grunnþjónustu og innviði, t.d. varðandi fjarskipti, ljósleiðaravæðingu, samgöngur, raforkuöryggi og aðgengi að þjónustu í heimabyggð. Auk þess lagði nefndin til sértæk verkefni til að efla rannsóknir, menntun og í opinberri þjónustu. Einungis lítil huti af þessum verkefnum fékk brautargengi á árinu 2016 en Fjórðungssamband Vestfirðinga mun fylgja þessu máli eftir á árinu 2017.

Þrátt fyrir þetta má segja að ágætur árangur hafi náðst í þeim verkefnum sem svigrúm var til að ráðast í eða styrkt voru af Uppbyggingarsjóði. Sjá má ákveðna eflingu menningarstarfsemi, í litlum verkefnum s.s. leiksýningar eða stórum verkefnum í tengslum við starfsemi menningarstofnana. Áhugaverð sú er nýsköpun sem fer fram á grunni samstarfs menningar og ferðaþjónustu. Þó verður að segja að starfsemi menningarstofnana berst þó víðast hvar í bökkum vegna takmarkaðs fjármagns. Nýsköpun í þróun búnaðar fyrir sjávarútveg og fiskeldi er einnig áhugaverð.

Árangur af áhersluverkefnum var einnig ágætur einkum hvað varðar áherslur í umhverfismálum með samþykki umhverfsvottunar á starfsemi sveitarfélaga, efling markaðsstarfs ferðaþjónustunnar, aukin tækifæri í nýtingu jarðhita og með fjárfestingarverkefnum.

2. Fjárframlög til samningsins

Heildarframlag ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2016 var kr. 92.850.750.- Samkvæmt samningnum sjálfum skiptist framlag ríkisins á milli framlags mennta- og menningarmálaráðuneytis og framlags atvinnu og nýsköpunarráðuneytis. Framlag sveitarfélaga á Vestfjörðum sem er sérmerkt menningarmálum var kr. 7.910.000.-

TAFLA 1: HEILDARFJÁRHÆÐ TIL RÁÐSTÖFUNAR

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	92.850.750
Viðaukasamningar	0
Framlög sveitarfélaga	7.910.000
Önnur framlög	12.083.206
Flutt frá fyrra ári	290.000
Vaxtatekjur	750.000
Samtals	113.883.956

Til skýringar á töflu 1 skal tekið fram að vaxtatekjur sem færðar eru á árinu 2016 koma til á síðasta degi ársins og þeim er ekki ráðstafað í verkefni fyrr en í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Vaxtatekjur lækka á milli ára vegna lægri inneignar á reikningum tengdum sóknaráætlun.

TAFLA 2: SKIPTING FRAMLAGA

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	40.593.956
Uppbyggingarsjóður	45.290.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	20.000.000
Viðaukasamningar	0
Umsýsla	8.000.000
Samtals	113.883.956

Framhaldið var þeirri ákvörðun frá árinu 2015 að stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarstofnana yrði úthlutað innan vébanda Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða af úthlutunarnefnd sjóðsins á grundvelli umsókna, en væru ekki sérstakt áhersluverkefni. Til slíkra styrkja runnu að þessu sinni 20 millj. Talið var mjög mikilvægt að þessi tegund styrkja væri ekki skorin frekar niður frá því sem var á tímum Menningarráðs Vestfjarða. Framlög ríkisvaldsins til menningarverkefna og uppbyggingar á Vestfjörðum var mun hærri á fyrri árum, á meðan fjárlaganefnd Alþingis ákvað úthlutanir til slíkra verkefna í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á grundvelli umsókna til nefndarinnar. Þannig hefði fjölda verkefna sem tengjast einkum menningararfi og menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum verið hjálpað af stað við umfangsmikla uppbyggingu, en þau síðan að nokkru leyti verið skilin eftir á köldum klaka og að mestu án stuðnings áður en uppbyggingarferlinu var lokið, með þeim skipulagsbreytingum sem fylgdu því að fjárlaganefnd hætti að taka á móti umsóknum á þessu sviði.

Ákveðið var að fella niður kr. 1.120.000,- af þeim styrkjum sem veittir voru á árinu 2016 þar sem tveir styrkþegar hættu við. Annað var menningarverkefni sem var einfaldlega hætt við, en hitt tilfellið vara nýsköpunarverkefni sem kom í ljós að var óframkvæmanlegt og voru greiðslur felldar niður frá þeim tímapunkti.

Á árinu 2015 var hætt við þrjú verkefni og hefur því verið hætt við 5 verkefni alls frá 2015.

3. Samráðsvettvangur

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar FV þann 11. maí 2015 var óskað var eftir tilnefningum sveitarfélaga á Vestfjörðum í samráðsvettvang. Sent var erindi á sveitarfélögin þann 19. maí 2015. Í samþykkt stjórnar sagði; hlutverk samráðshóps er að fjalla um áherslur sem FV og Atvest setja fram í greinargerð um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.

Lagt var til við sveitarfélögin að tilgreina einn fulltrúa úr sveitarstjórn og síðan 1-6 einstaklinga innan sín svæðis með þekkingu og áhuga á þeim sviðum sem snerta viðfangsefni sóknaráætlunar, þ.e. nýsköpun og atvinnuþróun, menningu, mannauð og lýðfræðilega þróun. Ekki var gerð krafa um að tilgreindir yrðu einstaklingar í alla flokka, því var sett að viðmiði að 2 til 7 fulltrúar yrðu tilnefndir af hverju sveitarfélagi.

Þessir aðilar sem tilgreindir voru af sveitarfélögunum voru allir áfram í samráðsvettvanginum fyrir utan tvo aðila en þeir þurftu að stíga frá þar sem þeir voru kosnir inn í stjórn FV en tilnefndu sveitarfélögin nýja aðila inn í vettvanginn.

Rétt er að vekja athygli á hversu stór hluti þeirra sem skipaður var í samráðsvettvang um sóknaráætlun af sveitarfélögunum eiga sjálfir sæti í sveitarstjórn eða eru varamenn þar. Þó þarf jafnframt að hafa í huga að í fámennum sveitarfélögum er þátttaka í sveitarstjórn nær aldrei aðalstarf fólks og þeir fulltrúar eru í mörgum tilvikum um leið ágætir talsmenn og fulltrúar atvinnulífs, fræðasamfélags, stofnanna og félagasamtaka.

Samráðsvettvangur var kallaður tvisvar saman til fundar á árinu 2016, þann 2. júní og 7. október. Á fyrri fundinum var stefna sóknaráætlun 2015-2019 tekin til endurskoðunar og hún send til umsagnar til allra fulltrúa samráðsvettvangs. Á þessum sama fundi kynnti Byggðastofnun vinnu að gerð Byggðaáætlunar 2017-2023, mörkun stefnu áætlunarinnar og verkefni voru rædd. Á síðari fundi samráðsvettvangs var farið yfir umsagnir fulltrúa samráðsvettvangs og endanleg gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 afgreidd.

TAFLA 3: SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTANG

Bakgrunnur fulltrúa		Búseta fulltrúa		Aldur fulltrúa		Kyn fulltrúa Karl / Kona	
Fulltrúi fyrir	Fjöldi	Sveitarfélag	Fjöldi	Aldursbil	Fjöldi		Fjöldi
Atvinnulífið	7	Ísafjarðarbær	7	< 25 ára	0	Karlar	18
Fræðasamfélag	3	Vesturbyggð	7	25-39 ára	22	Konur	27
Opinberar stofnanir	6	Bolungarvíkurkaupstaður	5	40-60 ára	20		
Kjörnir fulltrúar	24	Strandabyggð	7	> 60 ára	3		
Félagasamtök	0	Tálknafjarðarhreppur	4				
Menningarstofnun	3	Reykhólahreppur	5				
Sjálfstætt starfandi	2	Súðavíkurhreppur	7				
		Kaldrananeshreppur	2				
Annað		Árneshreppur	1				
Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45	Samtals	45

Á stjórnarfundum FV þann 17. september 2015 skipaði stjórn FV eftirtalda einstaklinga í framkvæmdaráð Sónarátvæðingar Vestfjarða þau:

Dóru Hlín Gísladóttir Ísafjarðarbæ (formann), Eirík Valdimarsson Strandabyggð, Finn Árnason Reykhólahreppi, Gerði Sveindóttir Vesturbyggð, Guðbjörgu Ástu Ólafsdóttir Bolungarvíkurkaupstað, Lilju Magnúsdóttir Tálknafjarðarhreppi og Þorstein H. Þorsteinsson Súðavíkurhreppi.

Framkvæmdaráð kom einu sinni saman til fundar á árinu 2016 þann 6. apríl, á fundinum var fjallað um val á áhersluverkefnum og gerð tillaga til stjórnar FV. Formaður og fulltrúar í framkvæmdaráði voru síðan leiðandi í hópavinnu og stjórnun fundar samráðsvettvangs 2. júní og 7. október.

4. Áhersluverkefni

TAFLA 4: ÁHERSLUVERKEFNI 2016

Framlag (þ.kr.)		Framkvæmdaaðili	Markmið	Lokaafurð	Verktími
Sóknaráætlun	Mótframlag				
5.800.000	5.800.000	Markaðsstofa Vestfjarða	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum.	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2016-2018
3.800.000	1.000.000	AtVest	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingarúrræði. Starfsemi nýrra lögaðila.	2016-2018
2.200.000	2.000.000	FV	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði umhverfisvottuð.	Umhverfisvottun EarthCheck. Plastpokalausir Vestfirðir.	2016-2018
800.000	0	FV	Lok og skipulag á framhald verkefnis Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.	Skýrsla um gerð svæðisskipulags eða svæðisáætlunar sveitarfélaga á Vestfjörðum	2016
1.350.000	0	FV	Ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem þéttbýli	Allt dreifbýli á Vestfjörðum tengt ljósleiðara	2016-2018
3.550.000	0	AtVest	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli.	Öflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
2.200.000	2.000.000	AtVest	Auka nýtingu á jarðavarma á Vestfjörðum	Fýsileikakannanir á Hólmavík og forhönnun útboðs. Viðskiptagreining á Reykhólum. Viðskiptagreining á Tálknafirði. Könnun á grunnþáttum í öðrum sveitarfélögum.	2016-2017
300.000	0	Háskólasetur	Virkjun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum.	Framtíðaráætlun um rannsóknarstarf	2016-2017
0	1.063.564	FV, menningardeild	Greining og kortlagning á stöðu og umfangi menningarstarfs og skapandi greina á Vestfjörðum.	Gagnagrunnur yfir menningarstarf á Vestfjörðum.	2016 - 2017
0	219.642	FV, menningardeild	Efla tengsl við unga listmenntaða Vestfirðinga búsetta utan Vestfjarða og færa reynslu þeirra og framkvæmdagleði heim.	Samantekt með úttekt og uppgjöri þróunarverkefnisins fyrir árslok 2018.	2017-2018
8.510.750	0	Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2016

Verkefnið Visit Westfjords.

Markmið verkefnisins er að efla markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum og auka hlutdeild Vestfjarða í komum erlendra ferðamanna.

Í stað þess að setja upp einstakt verkefni var ákveðið að setja upp áhersluverkefni sem myndi styðja við allt núverandi starf Markaðsstofu Vestfjarða (MV). Verkbættirnir eru því ekki nýir heldur er aukið við það starf sem áður var, með þessu er hægt að ná enn meiri árangri og nýta betur slagkrafinn sem er til staðar. Lögð var áhersla á móttöku blaðamanna, uppbyggingu heimasíðunnar, samfélagsmiðla og þátttöku á sýningum.

Verkefninu var skipt niður í þrjú verkþætti.

1. Sýningar/vinnustofur

Markaðsstofa Vestfjarða tók þátt í tveimur sýningum árið 2016, ITB í Berlín í mars og VestNorden í Færeyjum í október 2016. Markaðsstofa Vestfjarða átti einnig að taka þátt í vinnustofum í USA en það verkefni var flutt milli ára og mun þátttaka í þeim vera árið 2017.

Með þátttöku í þessum sýningum hefur MV náð að auka útsendilista sinn um 40% og eru það aðilar sem hafa sýnt svæðinu áhuga. Þessi listi er síðan notaður til að koma á framfæri nýjum vörum og þjónustu á svæðinu.

Markmið þessa verkþáttar munu nást á árinu 2017 þegar farið verður í vinnustofur í Norður Ameríku.

2. Móttaka blaðamanna

Vegna þessa verkefnis hefur verið hægt að bæta töluvert í blaðamannaferðir og var tekið á móti 42% fleiri blaðamönnum árið 2016 í samanburði við 2015. Móttaka blaðamanna er unnin í samstarfi við Íslandsstofu og PR stofur þeirra erlendis. Við val á blaðamönnum er notast við áherslumarkaði Vestfjarða sem byggir meðal annars á stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu.

Markmið þessa verkþáttar var að taka á móti a.m.k. tveimur blaðamannahópum, og var það gert en einnig var aukið töluvert í almennar blaðamanagerferðir.

3. Beinar auglýsingar

Markaðsstofa Vestfjarða notast nær eingöngu við auglýsingar á samfélagsmiðlum og hafa nýtt þær til að draga athyglina að því efni sem hefur verið unnið í gegnum fyrri verkefni. Með þessum auglýsingum er stækkaður sá hópur sem sjá það efni sem Markaðsstofa Vestfjarða sendir frá sér, og hefur aukningin milli ára verið um 260%. En jafnframt hafa þessar auglýsingar aukið umferðina inn á heimasíðu Markaðsstofu Vestfjarða www.westfjords.is um 75% milli ára.

Markmiðið þessa verkþáttar var að tryggja birtingar á vef og samfélagsmiðlum og var það gert og náðist töluverður árangur með þeim birtingum.

Áætlað er að verkefnið Visit Westfjords haldi áfram árin 2017 og 2018 og verður unnið áfram að þeim markmiðum sem sett voru fyrir verkefnið í upphafi, að auka við markaðssetningu til erlendra ferðamanna og auka þannig hlutdeild Vestfjarða í þeirri aukningu sem hefur verið undanfarin á í ferðamannastraumi til Íslands.

Verkefnið styður markmið sóknaráætlunar um að fjölga störfum en samhliða að ná þeim markmiðum að auka fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun.

Verkefnið InWest

Verkpáttur 1 – stofnun fjárfestingarsjóðs:

Verkefnið hefur tímabundið verið sett í ábyrgð Hvetjanda eignarhaldsfélags að finna fleiri fjárfesta að félaginu. Verkpátturinn hefur því breyst en langtímamarkmiðið er það sama að auka fé í beinar fjárfestingar.

Verkpáttur 2 – Mótun verkefna:

Frá árinu 2015 til ársins 2016 hefur verið lokið við verkefni er tengdust stækkun á seiðaeldi, afurðavinnsla fyrir laxa- og silungaafurðir en verkefnin þróuðust í að nýir fjárfestar komu að fyrirtækjum í laxeldi og fyrirtækin sameinuðust. Hlé var gert á verkefnum í tengslum við áburð og olía úr hliðarafurðum frá vinnslufyrirtækjum, afþreyingarverkefni í ferðaþjónustu og hótelpbygggingu. Fylgt var áfram verkefnum úrvinnslu á fiskroði, þaraböð, kalkþörungaverkefni (2 verkefni). Nýtt verkefni um vatnsútflutning hófst á árinu 2016 í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum.

Önnur verkefni voru skoðuð á árinu en fóru ekki í viðskiptaáætlanagerð eða undirbúning undir fjárfestingakynningar.

Verkefnið styður markmið sóknaráætlunar um að fjölga störfum en samhliða að ná þeim markmiðum að auka fjölbreytni atvinnulífs og nýsköpun.

Verkefnið Umhverfissvottaðir Vestfirðir

Þann 12. júní 2012 samþykktu öll sveitarfélögin níu á Vestfjörðum að hefjast handa við forvinnu að umhverfissvottun Vestfjarða og sömdu við umhverfissvottunarfyrirtækið EarthCheck sem er í Ástralíu. Í september 2013 var settur starfsmaður inn í verkefnið sem átti að huga að umhverfissvottuninni og eftir það fór málið að fara á skrið. Þann 18. nóvember 2013 voru fyrstu gögn fyrir Benchmarking send EarthCheck til úrvinnslu og fengu sveitarfélögin brons Benchmarking (stóðust viðmið) fyrir starfsárin 2012, 2013,2014.

Árið 2015 var verkefnið lagt fram sem áhersluverkefni í Sóknaráætlun 2015-2019. Var þá lagt upp með að fengin yrði vottun fyrir lok ársins 2017. Var farið í kynningarferð um Vestfirði þar sem starfsmenn sveitarfélagana voru fræddir um verkefnið og fjallað um hvernig sveitarfélögin geti unnið að því t.d með innleiðingu græns bókhalds, fastar innkaupareglur settar og innleidd græn skref inn í stofnanir sveitarfélaganna.

Var því ákveðið í júní 2016 að að sækja um vottunarferli og sjá hvað þyrfti að bæta við ef vottun fengist ekki. Úttektaraðili kom í byrjun október og tók út starf verkefnastjóra og allar skýrslur og vinnulag. Silfur vottun fékkst í byrjun nóvember 2016 fyrir starfsárið 2015. Er nú unnið að því að fá vottun fyrir starfsárið 2016 og verið að kalla eftir gögnum frá sveitarfélögum og öðrum.

Í júní 2016 var farið í kynningarferð um sveitarfélögin þar sem verkefnastjóri kynnti verkefnið fyrir almenningi, Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur fjallaði um plast og plastnotkun. Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdarstjóri Orkuseturs, fjallaði um hvernig er hægt að minnka orkunotkun.

Verkefnið hefur hlotið fjórum sinnum styrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Fyrst í mars 2012 fyrir undirbúning umhverfissvottunar og kostnaðar við starfsmanns + aðkeypt sérfræðiþjónusta. Í febrúar 2014 fékkst styrkur fyrir heimasíðugerð og kynningu á verkefninu. Árið 2015 fékkst styrkur vegna hliðarverkefnis sem kallast Plastpokalausir

Vestfirðir. Var það fjármagn nýtt til að senda fjölnota poka á hvert heimili á Vestfjörðum og fylgdi með póstur sem kynnti verkefnið og var fólk beðið um að taka þátt í því með því að nýta aðrar lausnir en plastpoka. Einnig var haft samband við verslanir í sveitarfélögunum og biðlað til þeirra að hafa aðrar lausnir en plastpoka sýnilegar fyrir viðskiptamenn. Fjórða styrkveitingin var samþykkt í janúar 2017 til að kynna verkefnið á landsvísu og auka sýnileika þess m.a. á ferðamannstöðum og við þjóðvegi.

Verkefnið styður við atvinnustefnu

Verkefnið Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (Eftir gegnumslátt)

Um er að ræða framhald af verkefni sem hófst í október 2015 og lauk í maí 2016 með skil á drög að greinargerð og tillögu að gerð Svæðisáætlunar fyrir Vestfirði. Samið var um þennan verkþátt við Teiknistofuna Eik, Ísafirði og Eflu, verkfræðistofuna, Reykjavík.

Greinargerðardrögin voru kynnt sveitarfélögum á Vestfjörðum með fundum með hverju og einu þeirra frá október 2016 til janúar 2017. Framkvæmd verkefnisins seinkaði því vegna þessara fundarhalda en um leið fékk verkefnið aukna kynningu og víðtækari umræðu á meðal sveitarfélaganna. En á fundinum voru ræddar voru áherslur og um framkvæmd m.a. hvort farið yrði í svæðisáætlun eða svæðisskipulag fyrir Vestfirði. Niðurstaða funda var kynnt á samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum 25. janúar 2017. Niðurstaðan var að hafin yrði gerð svæðisskipulags og yrði viðfangsefni „Atvinnumál vaxtagreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd“.

Greinargerð verður nú fínlesin og gefin út í mars 2017 og unnið verði samhliða að því að boða til skipan skipulagsnefndar. Vænst er að vinna við skipulagið geti hafist í maí.

Verkefnið Vestfirðir altengdir.

Myndaður var samráðshópur sveitarfélaga á Vestfjörðum. Samið var við ráðgjafa um að veita sveitarfélögum ráðgjöf við mótun umsókna í útboð Fjarskiptasjóðs fyrir verkefnið Ísland ljóstengt vegna úthlutunar fyrir árið 2016. Öll sveitarfélög nema Árneshreppur sendu inn umsókn en einungu tvö fengu úthlutun.

Gögn sveitarfélaganna nýtast við úthlutun á komandi ári og verða þau rýnd til að skoða hvar megi gera betur. En ljóst er jafnframt, að fyrirkomulag úthlutunar með samkeppnisfyrirkomulagi mun seinka framkvæmd mála á Vestfjörðum nema að aukið verði við sem sértæku fjármagni. Dreifbýl og fámenn svæði eiga erfitt með að keppa við önnur þéttbýlli svæði og munu því framkvæmdum seinka þar til þéttbýl svæði hafa lokið við sín verkefni. Verkefnið Vestfirðir altengdir 2018 mun því ekki ná markmiðum sínum að óbreyttu. Lögð verður megináhersla að fá fyrirkomulagi breytt og eða sértækt fjármagn verði aukið.

Verkefnið Þróunarsetur á Vestfjörðum.

Nú þegar eru staðsett á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík þróunarsetur. Atvest vann að ítarlegri kostnaðargreiningu vegna stækkunar og frekari útfærslu húnæðisins á þessum stöðum auk þess að skoða og meta húnæði á þessum stöðum út frá hentugleika.

Skoðað var sérstaklega hvaða grundvallarþarfir þyrftu að vera til staðar m.t.t. frekari framþróunar. Ljóst er að húnæði sem nú hýsa starfsemi á Ísafirði og Hólmavík þarf endurbætur og jafnvel að finna starfsemi nýtt húnæði eins og á Patreksfirði. Verkefnastjóri Atvest skoðaði flest það húnæði sem var í boði og komu nokkur til greina en ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Vesturbyggð um leigu á hentugu húnæði sem hefur möguleika til stækkunar. Bundnar eru vonir við að þessi verkefni geti vaxið og dafnað og skapað verðmæti og störf á svæðinu til lengri tíma.

Verkefninu er ætlað að fjölga og auka fjölbreytni starfa á viðkomandi svæðum m.a. að skapa starfsaðstöðu fyrir stofnanir. Einnig að auka nýsköpun með því að styðja við frumkvöðla og gert þeim kleift að vinna í umhverfi þar sem er aðgengi að sérfræðipekkingu starfsmanna Atvest.

Verkefnið Jarðvarmi á Vestfjörðum.

Verkefnið fjallar um að ná utan um jarðvarmamálefni Vestfjarða og bæta hagnýtnu hans. Fyrsti áfangi var unnin á árinu 2016 þar sem áherslan hefur verið að afla gagna og unnin greinargerð um jarðhita á Reykhólum. Ein niðurstaða þeirrar greiningar var að nauðsyn væri á gera álagspróf á allt jarðhitasvæðið á Reykhólum. Sá verkþáttur var undirbúinn og verður framkvæmdur í byrjun árs 2017. En með þeim hætti fæst loks mat á hve stór jarðvarmageymirinn er og hvort óhætt sé að tengja nýjustu holuna við þjónustukerfi Orkubús Vestfjarða. Einnig var undirbúin næsti áfangi er varðar málefni hitaveitu á Hólmavík með öflun gagna og vinna að greinargerð hafinn.

Verkefnið styður markmið sóknaráætlunar með fjölgun starfa hjá fyrirtækjum sem hafa hag af bættri nýtingu jarðvarma á Vestfjörðum. Til lengri tíma litið mun bætt nýting jarðvarma draga úr orkukostnaði fyrirtækja og heimila þ.e. draga úr notkun dýrrar raforku til upphitunar.

Verkefnið Kortlagning menningar.

Ráðin var sumarstarfsmaður til að afla gagna um menningarstarfsemi á Vestfjörðum. Ekki var hafin úrvinnsla á gögnum þar sem Jón Jónsson lét af störfum í september en nýr menningarfulltrúi, Skúli Gautason, tók til starfa í nóvember. Verkefnið verður framhaldið á árinu 2017.

Verkefnið Straumar

Framkvæmd verkefnisins frestast til ársins 2017 vegna mannaskipta í starfi menningarfulltrúa.

5. Uppbyggingarsjóður

Samkvæmt samþykkt stjórnar FV frá 15. janúar 2016 voru 65 milljónir til ráðstöfunar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og var úthlutunarnefnd falið að skipta þeim þannig:

1. 25 milljónir gengju til stærri nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón.
2. 20 milljónir gengju til stofn- og rekstrarstyrkja menningarstofnana eða stærri menningarverkefna þar sem styrkir væru hærri en ein milljón.
3. 20 milljónir til minni styrkveitinga ýmist á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar eða menningarmála þar sem einstakir verkefnastyrkir eru ein milljón eða lægri.

Þann 8. október 2015 var kynnt niðurstaða kosningar 60. fjórðungspings til úthlutunarnefndar UV á grundvelli 9. gr. samþykktar með áorðnum breytingum. Kom hún í stað úthlutunarnefndar sem stjórn FV skipaði á fundi sínum þann 11. maí 2015 en auk þess voru kjörnir varamenn fyrir hvern aðalfulltrúa

Nefndin kom saman í byrjun nóvember 2015 og fór yfir ramma styrkúthlutana fyrir árið 2016. Á stjórnarfundum FV þann 12. nóvember voru samþykktar verklagsreglur vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði og var þar lagt til að starfshættir og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða yrðu með sambærilegum hætti og var við úthlutun ársins 2015.

Þeir sem sátu í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2016 voru:

Aðalmaður	Varamaður
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Bíldudal	Matthías Ágústsson, Patreksfirði
Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði	Gunnar Jónsson, Ísafirði
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafirði	Helgi Hjálmtýrsson, Bolungarvík
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafirði	Ása Dóra Finnbogadóttir, Bíldudal
Finnur Ólafsson, Bjarnarfirði	Kolfinna Ingólfssdóttir, Reykhólum
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík	Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafirði
Peter Weiss, Önundarfirði	Örn Elías Guðmundsson, Súðavík
Sigurður Viggósson, Patreksfirði	Þórir Sveinsson, Patreksfirði
Viðar Guðmundsson, Kollafirði	Ásta Þórisdóttir, Hólmavík

Úthlutunarnefnd var þannig skipuð fimm konum og fjórum körlum, en í hópi varamanna voru fimm karlar og fjórar konur. Ekki var skipað fagrað þar sem nefndin er þetta fjölmenn. Á Vestfjörðum þarf einnig að taka mið af landfræðilegri legu og gæta þess að umsóknir deilist nokkuð jafnt milli hluta svæðisins, enda uppfylli þær gæðakröfur. Fjórir aðalmenn eru kjörnir fulltúar en 3 úr hópi varamanna.

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum með því að prenta fjórblöðung sem var dreift inn á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum. Einnig var umsóknarfrestur kynntur á samfélagsmiðlum, á vef FV og með vefborða á BB.is.

Starf úthlutunarnefnd fór þannig fram: Menningarfulltrúi safnaði umsóknum saman í eitt skjal og sendi til allra fulltrúa í úthlutunarnefnd. Hver fulltrúi gaf hverri umsókn álit. Menningarfulltrúi tók álit allra nefndarmanna saman og var þá komin gróf heildarmynd á afstöðu nefndarmanna.

Haldnir voru tveir símafundir og tveir vinnufundir þar sem nefndin kom sér saman um tillögur um hverjir skyldu hljóta styrki og upphæð þeirra. Stjórn FV samþykkti á fundi 12. nóvember 2015 ramma styrkúthlutunar fyrir árið 2016. Á grundvelli ramma styrkúthlutun samþykkti stjórn tillögu úthlutunarnefndar um viljrði fyrir styrkjum á fundi stjórnar þann 21. mars 2016. Stjórn samþykkti á sama fundi reglur um samningsgerð og eyðublöð þar um.

TAFLA 5: UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI 2016

Umsóknir	
Fjöldi umsókna	129
Heildarfjárhæð sem sótt var um	252.051.883 kr.
Veittir styrkir	
Fjöldi styrkja	66
Árangurshlutfall umsókna	2
Heildarupphæð styrkja	65.290.000
Heildarupphæð mótfamlaga	505.810.026 kr
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	13
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	48
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	4
Áætlaður fjöldi ársverka	5,5
Fjöldi verkefna í vinnslu 2015-2019	27
Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin 2015-2019	6
Fjöldi verkefna sem hætt var við 2015-2019	5
Fjöldi lokinna verkefna 2015-2020	32

Samanlögð heildarfjárhæð í fjárhagsáætlunum þessara verkefna og umsækjenda voru tæplega 650 milljónir sem er mun lægra en á árinu 2015 en skýrist það á því að árið 2015 var umsókn þar sem sótt var um háa styrkupphæð. Styrkumsóknir voru heldur færri en umsóknir á síðustu árum. Þær endurspegla þó vel viðvarandi fjármagnspörf til uppbyggingar og nýsköpunar í vestfirskum fyrirtækjum og menningarstofnunum. Um leið gefa þær ástæðu til bjartsýni því umsóknirnar miðla ríkulegri hugmyndauðgi, fjölbreytni og umtalsverðum framkvæmdahug.

65 milljónir voru til úthlutunar til margvíslegra verkefna og uppbyggingar víða um Vestfirði. Umsóknir voru fjölbreyttar og mörg verkefni afar áhugaverð. Ákveðið var að þessu sinni að styrkja 10 verkefni í umsókn um stofn og rekstrarstyrki og hlutu tvö af þeim styrk til tveggja ára en eitt af þeim til tveggja ára. Sjö verkefni og stofnanir fengu styrk í flokki hærri styrkja (framlag einoghálf milljón eða hærra), en 14,5 milljónir voru samtals til ráðstöfunar í þeim flokki. 49 sem hlutu styrk voru í flokknum lægri verkefnastyrkir. Alls voru 11 þessara verkefna á sviði atvinnuþróunar- og nýsköpunar, en rest var annaðhvort viðameiri menningarverkefni eða að um var að ræða stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana. Upphæðir þeirra voru á bilinu 1,2 milljónir til 3,5 milljónir sem var hæsti styrkur á árinu 2016.

Styrkt verkefni

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk (umsækjandi í sviga):

5.000.000

Sjávarútvegsklassi Vestfjarða – Þróunarmiðstöð (Sjávarútvegsklassi Vestfjarða)

3.500.000

Rekstur Edinborgarhússins (Edinborgarhúsið ehf – menningarmiðstöð)

3.000.000

Skrímslasetrið á Bildudal - rekstur og uppbygging (Félag áhugamanna um skrímslasetur)

Galdrasýning á Ströndum – rekstur og uppbygging (Strandagaldur ses)

2.000.000

Fjarðalax hf.. Aukahráefni frá laxeldi – möguleg nýting og virðisauki

Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum - rekstur og uppbygging (Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf)

Melrakkasetur Íslands - rekstur og uppbygging (Melrakkasetur Íslands ehf)

Sauðfjársetur á Ströndum – rekstur og uppbygging (Sauðfjársetur á Ströndum ses)

1.500.000

Hámörkun verðmæta úr fiskislógi (Klofningur ehf)

Ostrurækt (Krossi ehf)

Rekjanleikakerfi frá veiðum til vinnslu (3X Technology)

Rekstur atvinnuleikhúss (Kómedíuleikhúsið)

Hús Samúels (Félag um listasafn Samúels)

1.300.000

Westfjords Residency in Þingeyri (Simbahöllin ehf)

1.200.000

Fjölgun svæðisleiðsögumanna (Fræðslumiðstöð Vestfjarða)

Endurvinnsla á salti (Úlfar Önundarson)

Sláturhús á Vestfjörðum (Leggur og skel ehf)

Meira en bara matur - myndband (Icelandic Fish Export ehf)

Vinnsla þangs í Ísafjarðardjúpi (Ísalgae)

Menningarviðburðir í Edinborg (Menningarmiðstöðin Edinborg)

1.100.000

Skóbúðin (Björg Sveinbjörnsdóttir)

Act Alone - einleikjahátíð 2015 (Act Alone, áhugafélag)

Skjaldborg (Heimildamyndahátíðin Skjaldborg)

1.000.000

Aldrei fór ég suður 2015 (Aldrei fór ég suður, félag)

Náttúrubarnaskóli (Sauðfjársetur á Ströndum)

Vélsmiðja GJS (Sjálfseignarstofnun Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar)

Flókalamb (Jóhann Pétur Ágústsson)

Saga Flóka Vilgerðarsonar (Frændgarður ehf)

900.000

IT Ísafjörður (Ísbjörg ehf)

800.000

Vestfirsk jólaævintýra sjónvarpsmynd (Villta vestrið kvikmyndafélag)

700.000

ArtsIceland og Gallerí Úthverfa í miðbæ Ísafjarðar (Kol & salt)

K fatnaður (Hár og klæði ehf)

Búsáhöld úr fjörunytjum (Örn Hermann Jónsson)

Steinshús. Rekstur safns, skálda- og fræðimannaseturs til minningar um Stein Steinarr skáld (Steinshús ses)

600.000

Aðstandandi.is (Fjóla Bjarnadóttir)

500.000

LÚR festival 2015 (LÚR festival, Menningarmiðstöðin Edinborg)

Sætt og salt – súkkulaði (Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir)

The Skin of the World (Elín Agla Briem)

Landsmót kvennakóra 2017 (Kvennakór Ísafjarðar)

Víkingaskáli og upplifunarsetur (Marsibil G. Kristjánsdóttir)

Tónleikaröð (Tónlistarfélag Ísafjarðar)

List á Vestfjörðum, kynningarrit (Félag vestfirskra listamanna)

Litli sótarinn ópera (Ópera Vestfjarða)

Viðgerðar og nýbyggingarmiðstöð súðbyrðinga og smærri báta (Byggðasafn Vestfjarða)

Vestfirðir milli vita (Finnbogi Hermannsson)

Gerð 3-D hreyfimynda af skrímslum (Félag áhugamanna um skrímslasetur)

Steampunk Iceland – Ævintýrahátíð 2015 (Bildalia ævintýraland)

Smurt brauð og snittur – Jochum M. Eggertsson (Magnús Rafnsson)

Sumarmölin 2016 (Standard og gæði ehf)

Sumardagskrá (Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti)

Ferðalagið stuttmynd (Eyþór Jóvinsson)

450.000

Gamanmyndahátíð Flateyrar (Gláma kvikmyndafélag)

300.000

Sveitamarkaður í saumastofunni Strönd (Guðrún Finnbogadóttir & Ólöf S. Pálsdóttir)

Blús milli fjalls og fjöru (Sigurjón Páll Hauksson og Ólafur Gestur Rafnsson)

Uppsetning sýningar á bátavélasafn (Félag áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum)

Kardemommubærinn á Þingeyri (Leikdeild Höfrungs Þingeyri)

Uppsetning á barnaleikriti (Litli leikklúbburinn)

Ballið á Bessastöðum – leiksýning (Litli leikklúbburinn)

Veður í orði og mynd – Handbók um veður (Eiríkur Valdimarsson)

250.000

Brölt barnanna (Pétur Guðmundsson)

Þessi líkami (Anna Sigríður Ólafsdóttir)
Myndlistasýningar, Sjálfsbirting og Vex (Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir)

220.000

Námskeið fyrir börn og unglinga (Litli leikklúbburinn)

Vocal vs Vernal Drangnesi (Ellakajsa Nordström / Marta Guðrún Jóhannsdóttir)

150.000

Íslenskir jólasveinar heimsækja (Safnahúsið Ísafirði)

Kyn umsækjenda

TAFLA 6: KYN UMSÆKJENDA / STYRKÞEGA

Umsóknir	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi umsókna	78	51	129
Fjöldi umsókna (%)	60%	40%	100%
Meðalupphæð umsókna	2.048.038	1.809.900	1.953.891
Veittir styrkir			
Fjöldi umsókna	38	28	66
Fjöldi styrkja (%)	58%	42%	100%
Meðalupphæð styrkja	1.115.789	817.500	989.242

Í þeim verkefnum sem hlutu stofn og rekstarstyrkir eru konur í forsvari í fimm verkefnum af tíu. Í stærri verkefnum sem eru sjö talsins eru í sex tilvikum karlar í forsvari verkefna eða stofnana. Varðandi minni verkefni er skiptinginn þannig að í 22 tilvikum eru konur í forsvari og í 27 tilvikum karlar.

TAFLA 7: KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	5	18	79	22	5	129
Fjöldi umsókna (%)	4%	14%	61%	17%	4%	
Meðalfjárhæð umsókna	2.781.000*	2.243.153	1.928.902	1.733.700	1.449.102	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	9	37	10	6	66
Fjöldi styrkja (%)	6%	14%	56%	15%	9%	
Meðalfjárhæð styrkja	1.050.125	1.033.467	981.622	625.192	350.333	

* Hér er ein umsókn sem er margfalt hærri en hinar. Það hækkar meðalfjárhæðina verulega.

TAFLA 8: ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA OG STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Fjöldi	Meðalfjárhæð
Umsóknir		
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og t	1	5.500.000 kr.
03 Fiskveiðar og fiskeldi	2	9.000.000 kr.
10 Matvælaframleiðsla	6	27.300.000 kr.
14 Fatagerð	1	2.000.000 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	5	13.920.900 kr.
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi	2	9.500.000 kr.
46 Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ö	1	2.000.000 kr.
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnur	1	1.200.000 kr.
55 Rekstur gististaða	1	3.000.000 kr.
56 Veitingasala og -þjónusta	2	8.150.000 kr.
58 Útgáfustarfsemi	8	11.407.000 kr.
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og	4	5.291.250 kr.
60 Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgei	3	2.500.000 kr.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	1	1.000.000 kr.
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	2	2.000.000 kr.
70 Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstra	1	1.637.500 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	8	24.000.000 kr.
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir	3	6.500.000 kr.
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og ö	4	7.000.000 kr.
81 Fasteignarumsýsla, hreingerningarþjónusta c	2	3.020.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	4	5.586.000 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	34	36.707.383 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfser	28	55.156.850 kr.
93 Íþróttá- og tómstundastarfsemi	2	4.150.000 kr.
94 Starfsemi félagasamtaka	1	900.000 kr.
96 Önnur þjónustustarfsemi	2	3.625.000 kr.
Samtals	129	252.051.883 kr.
Veittir styrkir		
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og t	2	2.500.000 kr.
03 Fiskveiðar og fiskeldi	2	6.500.000 kr.
10 Matvælaframleiðsla	2	1.700.000 kr.
14 Fatagerð	1	700.000 kr.
32 Framleiðsla, ót.a.s.	2	1.900.000 kr.
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi	1	500.000 kr.
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnur	1	300.000 kr.
58 Útgáfustarfsemi	3	1.800.000 kr.
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og	3	1.800.000 kr.
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	1	600.000 kr.
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	4	5.900.000 kr.
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir	2	2.400.000 kr.
85 Fræðslustarfsemi	3	1.920.000 kr.
90 Skapandi listir og afþreying	27	16.270.000 kr.
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfser	11	20.000.000 kr.
94 Starfsemi félagasamtaka	1	500.000 kr.
Samtals	66	65.290.000 kr.

Fyrirmyndarverkefni

Sem dæmi um fyrirmyndarverkefni úr þeim umsóknum sem bárust má nefna þessi:

Aukahráefni frá laxeldi – möguleg nýting og virðisauki

Umsækjandi: Fjarðalax hf

Styrkuppghæð: 2.000.000 kr

Lausn á losun lífræns úrgangs í fiskeldi. Það stefnir í að urðun verði bönnuð og því er mikilvægt að þróa aðrar leiðir í þessari vaxandi atvinnugrein. Hægt er að nýta hann til kyndingar eða framleiðslu á metangasi.

Fjölgun svæðisleiðsögumanna á Vestfjörðum

Umsækjandi: Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Styrkuppghæð: 1.200.000 kr

Komið er í gang öflugt nám sem mun skila um 15 svæðisleiðsögumönnum. Unnið í samvinnu við Leiðsöguskólann í Kópavogi.

Act Alone 2016

Umsækjandi: Act Alone, félag.

Styrkuppghæð: 1.100.000 kr

Árleg einleikjahátíð sem laðar að sér fjölda gesta. Eina raunverulega leiklistarhátíð landsins. Er á háum listrænum standard og hefur fest sig í sessi með faglegum vinnubrögðum.

Gamanmyndahátíð Flateyrar

Umsækjandi: Gláma kvikmyndafélag

Styrkuppghæð: 450.000 kr

Kvikmyndahátíð á svæði sem hefur átt undir högg að sækja. Þótti heppnast einstaklega vel og verður vonandi endurtekin.

6. Hagtölur landshlutans

TAFLA 9: HAGTÖLUR LANDSHLUTANS

Fjöldi sveitarfélaga	9
Heildarfjöldi íbúa	6.883
Fjöldi kvk	3.350
Fjöldi kk	3.533
Ferkílómetrar	8.827

7. Lokaorð

Vestfirðingar eru að venjast því vinnulagi sem Sóknaráætlun landshlutanna er byggð á og er ekki annað að heyra en það sé nokkuð almenn ánægja með fyrirkomulagið.

Uppbyggingarsjóður þykir leiða til uppbyggingar og færir okkur augljóslega fram veginn og í rétta átt. Til að Sóknaráætlun standi undir nafni þarf þó að stórauka fjármagn í áætlunina og samræma verklag og allt viðmót yfir allt landið.

8. Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Ísafirði og Hólmavík 13. febrúar 2017

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Skúli Gautason, menningarfulltrúi.

9. Viðauki – leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1. Heildarupphæð samnings

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá ANR og MMR).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2015 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2016, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2016 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga 2016

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Óráðstafað 2016: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2016, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Samráðsvettvangur

Bakgrunnur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa úr hverjum "geira". Hver einstaklingur aðeins talinn einu sinni. „Kjörnir fulltrúar“ eru þeir sem eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum.

Búseta fulltrúa: Fylla skal út í línurnar með heitum allra sveitarfélaga í landshlutanum og fjölda fulltrúa frá hverju þeirra, hvort sem sveitarfélagið á fulltrúa í samráðsvettvangnum eður ei.

Aldur fulltrúa: Fjöldi fulltrúa sem er yngri en 25 ára, fjöldi sem eru á bilinu 25-39 ára, fjöldi sem eru á bilinu 40-60 ára og fjöldi sem eru eldri en 60 ára.

Kyn fulltrúa: Heildarfjöldi karla annars vegar og heildarfjöldi kvenna hins vegar.

Samtölurnar í öllum dálkum töflu 3 eiga að vera þær sömu.

Tafla 4. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.

Framkvæmdaraðili: Þarfnast ekki skýringa.

Markmið: Stutt og hnitmiðað. Ein til þrjár setningar um markmið verkefnis.

Lokaafurð: Hver er (áætluð) lokaafurð (árangur) verkefnis. Ekki meira en ein stutt setning.

Verkefnatími: Hvenær hófst verkefnið og hvenær eru áætluð verklok / hvenær lauk verkefninu.

Tafla 5. Umsóknir / styrkir

Tafla 5 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar um umsóknir og hins vegar er beðið um upplýsingar um styrkúthlutanir.

Fjöldi umsókna: Heildarfjöldi umsókna í uppbyggingarsjóð á árinu.
Heildarupphæð sem sótt var um: Samanlögð upphæð allra umsókna á árinu.
Fjöldi styrkja: Heildarfjöldi styrkja úr uppbyggingasjóði á árinu.
Árangurshlutfall umsókna: Heildarfjöldi styrkja deilt með heildarfjölda umsókna.
Heildarupphæð styrkja: Heildarupphæð sem úthlutað var úr uppbyggingarsjóði á árinu.
Heildarupphæð mótframlaga: Heildarupphæð mótframlaga samkvæmt samningum við styrkhafa.

Fjöldi verkefna undir 500 þús.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna milli 500 þús til 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Fjöldi verkefna hærrí en 2,5 m.kr.: Þarfnast ekki skýringar.

Áætlaður fjöldi ársverka: Umsækjandi þarf að láta landshlutasamtökunum þessar upplýsingar í té. Eingöngu er átt við störf sem skapast á verkefnatímanum og greitt er fyrir, hvort heldur sem er með styrknum sjálfum eða með mótframlagi. Eitt ársverk eru 2.080 klukkutímar eða 12 x 173,3 klst (mannmánuður). Ef vinnuframlag í einu verkefni eru tveir mann mánuðir þá er áætlaður fjöldi ársverka 0,17 (þ.e. $173,3 \times 2 = 346,7$ klst. deilt með 2080 = 0,17), ef vinnuframlagið er hálf ár, þá er það hálf ársverk ($2080/2 = 1040$ klst. deilt með 2080 klst. = 0,5).

Fjöldi lokinna verkefna 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) og er lokið er með fullnægjandi hætti fyrir áramót 2016.

Fjöldi verkefna í vinnslu 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) og eru í vinnslu um áramót.

Fjöldi verkefna sem ekki eru hafin 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) en vinna við þau er ekki hafin.

Fjöldi verkefna sem hætt var við 2015-2019: Fjöldi verkefna sem hlotið hafa styrk (2015-2019) en hætt hefur verið við og styrkveiting afturkölluð.

Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa

Kyn umsækjenda / styrkhafa er flokkað eftir kyni forsvarsmanns umsóknar/verkefnisstjóra. Þetta á einnig við um opinbera aðila.

Tafla 7. Kyngreining starfa sem skapast

Ef umsækjandi áætla að verkefnið hafi í för með sér starfasköpun á verkefnatímanum þá þarf hann að áætla hvort það séu kynbundin störf eða ekki. Hér er beðið um upplýsingar um hvort verkefni sem að áætlað er að skapi störf á verkefnatímanum séu nær eingöngu karlastörf, fleiri karlastörf en kvennastörf o.s.frv. Hér er ekki beðið um fjölda ársverka. Hér er átt við upplýsingar úr samningum (ef breyting er frá umsókn).

Athugið að upplýsingar í þessari töflu geta ekki verið annað en matskenndar og huglægar.

Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun

Tafla 8 er tvískipt. Annars vegar er beðið um upplýsingar tengdum umsóknum og hins vegar er beðið um upplýsingar tengdum styrkúthlutunum

Nota ISAT 2008 flokkunina og greina niður á tvo tölustafi – sjá flettilista í dálki A í excel skjalinu.

Tafla 9. Hagtölur landshlutans

Í töflu 9 er beðið um nokkrar hagtölur fyrir landshlutann.

Fjöldi sveitarfélaga á svæðinu: Fjöldi sveitarfélaga innan landshlutans.

Heildarfjöldi íbúa: Fjöldi íbúa í landshlutanum í janúar 2016.

Fjöldi kvk: Fjöldi kvenna í janúar 2016.

Fjöldi kk: Fjöldi karla í janúar 2016.

Ferkílómetrar: Stærð landshlutans í ferkílómetrum.